


Maí 1967.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSA MBANDSMÁL



E FNISY FIR LIT:

| | b.l.s. |
|---|--------|
| PÁÐ ER FJARSKYGGNI TIL ANNARRA HNATTA | 2 |
| eftir Þorstein Guðjónsson | |
| STEFNUMARK NÝALSSINNA | 5 |
| eftir Bjarna Bjarnason, Brekku | |
| TVENNS KONAR SKILNINGUR Á EÐLI DRAUMA | 7 |
| eftir Þorstein Jónsson á Úlfssstöðum | |
| FÉLAGATAL NÝALSSINNA | 9 |
| REKSTRARREIKNINGUR 1966 | 13 |
| EFNAHAGSREIKNINGUR 1966 | 14 |
| KRAFTUR FRÁ STJÖRNUNUM | 14 |
| eftir Þorstein Jónsson | |

Útgefandi : Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri : Þorsteinn Jónsson
Úlfssstöðum, Borgarfirði

FORSÍÐUMYND: Eitt þekktasta stjörnumerkið, sem blasir við okkur á heiðskírum vetrarkvöldum, er Sjöstjarnan. Hún er í Nautsmerkinu, sem er næsta stjörnumerki til hægri við Veiðimanninn (Orion). Sjöstjarnan er óregluleg stjörnuþyrping og samanstendur af nokkrum hundruðum stjarna, og í allmismunandi fjarlægð. Sjónskarpið menn geta greint sjö til átta stjörnum á pessari þyrpingu og heita þær: Pleione, Maia, Taigete, Alcyone, Merane, Electre, Celæno og Atlas. Með litlum sjónauka má sjá miklu fleiri. Samkvæmt grískri goðsögnum voru pessar stjörnur sjö dætur Atlas, jötunsins, sem ber heiminn á herðum sér. Þessi stjörnuþyrping er sveipuð þunnri geimpoku, og eru því allar fjarlægari stjörnur hennar miklu óskýrari, en ef ekkert geimefni skyggði á þær.

Heimild: Manuel pratique d' astronomie eftir Lucien B. Ruadaux.

ÞAÐ ER FJARSKYGGNI TIL ANNARA HNATTA. (Erindi).

A fundi sem Nýalsinnar héldu hér í vor, var sýnd m.a. mynd af borðdansi svökölлуðum, úr danskri spíritistabók nokkurra ára gamalli og sást þar greinilega hvernig borðið lyftist án þess að nokkur lyfti undir það. Eg veit ekki til þess, að þessi bók hafi verið orðin mjög kunn, þegar þetta var, nema meðal þeirra sem sérstakan gaum gefa slíkum málum. En hvað sem því lifður, þá varð þessi sama mynd fyrir mér í bókabúð núna alveg nýlega, og þegar ég fór að gá að blaðinu, sem hún var í, þá var þetta þýskt viku-eða heimilisblað með myndum. Þykir mér það benda til vaxandi áhuga-almennings á slíkum efnum, að mynd eins og þessi skuli nú vera farin að þykja gott blaðaefni, og mætti nefna mörg dæmi um hið sama viðsvegar að. Það er skoðun míin, að þetta sem kallað hefur verið spíritismi eða sálar-rannsóknir eða sambandsfræði sé svo fjarri því að vera datt eða deyjandi, að áhugi á því sé nú í miklu meiri uppgangi en var fyrir nokkrum árum, og væri það efni í sérstakt erindi að rekja það mál, en ekki skal það gert hér. Það sem liggur hér fyrir er að ræða og leitast við að gera sér ljóst, hvar framlionir eru eða með ö.o. að gera sér grein fyrir, hvaðan þau stafi þessi fyrirbæri sem spiritistar hafa haldið fram og talið vera sönnun fyrir því að látni lifi.

Það er nú ekki hægt að ganga fram hjá því, þegar minnt er á þessi mál, að ekki hefur verið um það eitt að ræða að fyrirbærunum hefur verið haldið fram, af spíritistum og öðrum, heldur hafa þau einnig verið vefsengd mjög. Það má jafnvælt sjá það á rithætti sumra manna að þeim finnst eins og eitt-hvað hneykslanlegt við það að orð sé haft á þessum hlutum. En ekki er það skoðun míin að svo sé. Mér þykir það einmitt ávinnungur að auglýsing eins og sú sem Morgunn, tímarit Sálramnsóknafélags Íslands lét frá sér fara fyrir nokkru, undir fyrirsögninni Hvar eru hinir framlionu? skyldi koma fram, því að með því veitist tilefni til að ræða málid. Þær kenningar, sem þarna komu fram eru alls ekki nýjar, heldur hafa þær fylgt andatrúnni lengi, en það var nýtt að þeim var haldið fram svo bert og ögrandi, með auglýsingu í fimm dagblöðum. En það ber ekki á því að andstæðingar spíritista hafi notað vel það tækifæri, sem með þessu gafst til að andmæla kenningu þeirra. Við þessu hefur nefnilega ekkert svar komið fram, nema ef nefna skyldi það svar sem bókmennatafræðingur Alþýðublaðsins skrifði til

að hneykslast á auglýsingum Morguns, en lítið var þar vikið að efni þeirra og alls ekki borið á móti því. Andatrúarmenn köstuðu út mörsiðrinu eins og Barði forðum og við það skaut móttöðumönnum þeirra skelk í bringu og reyna nú ekki framar að vinna Borgarvirki þeirra. Eða með öðrum orðum: það er ekki annað að sjá en að fullyrðingar þær sem fram komu í auglýsingunni séu teknar gildar og fái að standa sem síðasta orð. Og hver verður þá niðurstaðan ef þessu fær að verða ómótmælt og engar athugasemdir koma fram. Hún verður sú að það verður almenn og ríkjandi skoðun í landinu, að til sé annar heimur á þann hátt sem þarna var útlistað, og nú skal láta heyra með orðalagi auglýsingarinnar sjálfrar:

"Ef samleikurinn hefði jafn mikið fé til umráða og lygin myndi hvert mannsbarn í dag vita að maðurinn lifir eftir líkamsdauðann. Vísindin eru fyrir löngu búin að sanna þetta. Já, ekki aðeins sanna, - heldur margsanna. En þetta hefur enga hernaðarbýðingu - svo vitað sé - og þess vegna, meðal annars, hafa ríkisstjórnir stórveldanna líttinn áhuga á málinu - enn sem komið er. Frægir vísindamenn og einstaklingar (jafnvel ráðherrar og önnur "stórmenni") eru þó fyrir löngu sannfærðir um að fleira er til en puttinn kemst í.

Okkar efnisheimur er gisinn og grisjóttur samanborið við hinn varanlega "efnisheim" hinna framliðnu. "Efni" þess heims er miklu þéttara og stöðugra en nokkuð það efni sem venjulegt fólk sér í kringum sig. Sveifluhraðinn (önnur bylgjulengd) gerir hann ósýnilegan í okkar augum enda þótt hann sé rétt við nefið á okkur og bæði sýnilegur og áþreifanlegur þeim sem þar lifa og starfa"

Pannig hljóðar nú þessi auglýsing og þykir mér reyndar orðalagið á henni ekki nógum vandað. Mætti þá ætla að hugsunin sé nokkuð í samræmi við það og ekki nógum ljós. Það er ekki falleg íslenzka að segja að puttinn komist ekki yfir í annan heim og ekki heldur að sá annar heimur sé rétt við nefið á mér og bér. Og það er ekki ljós hugsun eða vísindalegt að halda. að með því að tala sveiflur eða hærri bylgjulengd séu færð nokkur rök fyrir ósýnilegum heimi.

Maður sagði mér nýlega frá samtali sínu við annan mann, og ræddu þeir einmitt um þetta efni. Hélt þessi annar, sem er flugmaður, að hin margvíslega geislan sem tækin nema en augun ekki, bæri vott um að margt gæti verið til sem leyndist fyrir sjónum manna, þó að það hefði ekki enn verið uppgötvað. En kunningi minn bentí honum þá á það, að öll þessi ósýnilega geislan sem eðlisfræðingar hafa fundið og gert tiltæka til notkunar, stafar nú einmitt frá þessu sama efni, sem við höfum allir fyrir augum. Þetta fannst flugmanninum athyglisvert og sagðist ekki hafa hugleitt þetta áður á þann hátt. -Geislunin er jafnan frá efni til efnis, frá hlutum til hluta, en ekki utan efnisins eða út úr efninu. Og mörg er sú geislan sem stafar frá stjörnunum og til þeirra, frá stjörnu til stjörnu, en á það var ekkert minnst í auglýsingu Morguns eða ritum sem fylgja líkri stefnu. Útsýnina til stjarnanna vantar og það veldur villunni og sjónleysinu: Að tala um heim sem sé miklu stöðugri í sér en efni þessa heims og umljúki hamn þó er hrein fjarstæða, eins og hver maður getur séð. Og það er ástæða til að vekja athygli á því að margar af þessum spíritista hugmyndum eiga ræturnar sínar að rekja til kenninga sem eitt sinn voru uppi í vísindum, en síðar hafa reynzt rangar. Pannig er þessi hugmynd um afar þéttan og óstöðugan ósýnilegan heim bersýnilega afkvæmi eters eða ljósvakakenningar-

innar, sem uppi var um síðustu aldamót, en síðan hefur verið hafn-að. Reyndist hún ekki hafa verið annað en heilaspuni eða ímyndun, sem sprottin var af nokkurskonar nauðsyn líkt og hin hreyfamlegu kristallshvel forðum, sem ætlað var að skýra göngu stjarnanna út frá því að jörðin stæði kyrr. Kristalshvelin voru aldrei til fremur en eterinn eða ljósvakinn og það að menn hugsuðu sér þau, stafaði ekki af öðru en vanþekkingu. En það vill svo til, að nokkurskonar kristalhvel lifa einnig áfram í hugmyndaheimi spíritista líkt og eterinn, og þessu til sönnunar skal ég lesa hér smákafla úr bók Jónasar Þorbergssonar: Ljós yfir Landamærin. :

" Táknræn mynd af jarðarsviðinu (í miðju) og sjö tilvistarsviðum sem henni fylgja, eftir því sem fremstu dulfræðingar, lífs og liðnir, hafa fengið að kanna of fræðast um. Sviðin aðgreinast af sifellt hækkandi öldutíðni, en eru þó að meira eða minna leyti í sama rúmtaki og næsta svið. Öll hafa þau sjálfstætt yfirborð og sjálfstæða tilvist lífvera. Proski og viska ræður för hverrar lífveru af lægra sviði upp á hærra. Sviðin eru á myndinni gerð jöfn, en það má ekki takast bökstaflega. Öll til samans fylla þau ótiltekna órafjar-lægð út í geimrúmið. Hvað við tekur þar fyrir utan er hulinn leyndardómur. "

Pessi hugmynd kemur prýðilega heim við heimsmynd miðalda, því að þar var einmitt gert ráð fyrir sjö kristalshvelum með sól, tungli og fimm plánetum og hinu áttunda yzt og efst og hulinn leyndardómur allt þar fyrir handan.

Þannig mætti telja upp hugmyndir dulrænumnar hverju eftir aðra og sýna fram á að þær eru ekki annað en gamall misskilningur, sem löngu er búið að varpa fyrir borð annarsstaðar. Það bjarg sannleikans sem slískir menn byggja á er býsna valt eins og sjá má á myndinni á móti bls. 192 í bók Jónasar - en sú mynd segir raunar alveg það sama og auglýsingin frá "Morgni" - og bera svo saman við hvaða eðlisfræðibók sem er. Það kemur í ljós, að þar sem stendur eterheimur á mynd Jónasar, stendur aðeins útfjólubláir geislar í eðlisfræðinni, og þar sem stendur öldusvið efnisheims jarðarbúa hjá Jónasi, segir eðlisfræðin að sé sú geislun, sem augað nemur sem sýnilegt ljós, en hvorki efni né efnisheimur.

Af þessu sem hér hefur verið sagt mætti ætla að allt það sem spíritistar hafa trúað á og raunar margir aðrir, væri með öllu rakalaust, úr því að skýringar þeirra eru svo misheppnaðar. En þessu er nú mjög á annan veg farið og mér þykir gott að geta sagt að málstaður spíritista er um sumt miklu betri en ætla mætti eftir þessu kenningakerfi þeirra. Það er til marks um ófullkomleik kenninganna hve lítil framförin hefur orðið í spíritismanum áratugum saman, en hinsvegar er engin ástæða til að rengja fyrir-bærin, af þessum sökum. Það fer svo fjarri því að öll fræði spíritista séu marklaus, að í þeim er jafnvel meiri sannleikur fölginn en þeir vita sjálfir. Hver mundi til dæmis vilja neita því nú að hugsamband milli einstaklinga eigi sér stað, og þá geta menn ekki heldur neitað því að lífgeislán á sér stað, sem ber áhrif frá einum líkama til annars, frá einu heila - og taugakerfi til annars. Og til þess að gera langa sögu skamma ætla ég að segja hér frá skýringunni á fyrirbærum spíritismans eins og mig dreymdi hana í morgun. Mér þótti sem nokkrir menn væru að ræða með sér af

talsverðum áhuga hvað þetta væri of þóttist ég greinilega heyra bessi orð um leið og ég vaknaði: Það er fjarskyggni til annara hnatta.

P. G.

STEFNUMARK NÝALSSINNA.
(Nokkur brot úr hugleiðingum).

I.

Vegna fráveru minnar og annara aðstæðna hefi ég ekki getað tekið þátt í störfum Félags Nýalssinna, síðan það var stofnað. Hefi t. a. m. aldrei getað setið á fundum þess. En þó að svona hafi tiltekist, þá held ég mér sé óhætt að segja, að ég hafi fylgst með áhuga á því sem gerzt hefir, innan vébanda þess og glaðst yfir þeim árangri, sem það hefir náð við erfiðar aðstæður. Mér hefir á stundum í hug komið, hve það hefir verið mikill styrkur fyrir þá fáu, sem hrifust af kenningum dr. Helga fyrir 30-40 árum og voru að reyna til að veita þeim brautargengi, að hafa slíkan bakhjall, þó ekki fjölmennari hópur væri en Félag Nýalssina er. Enginn hugsjón, hve fögur og háleit sem hún er, nær framgangi, nema með fylgi hóps samstilltra manna. Þetta er lífslögmál, að nokkru vitað um áður með fálmkenndri viðurkenningu, en ekki skilið né skýrt líffræðilegum skilningi fyrr en í Íslenzkri heimsfræði. Eins og við mátti búast, hafa enn ekki verið stigin stór skref í starfsemi félagsins, enda aldarandinn þar hindrun í veki. Að vísu má segja að stórt viðfangsefni, á mælikvarða félagsins, hafi í byrjun verið, að ráðast í endurprentun Nýalsbindanna. Það var aðkallandi nauðsyn, sem hefir tekist vel og giftursamlega. Yfirhöfuð má segja, þegar litið er yfir þennan stutta starfstíma félagsins, þá hafi miðað sígandi og markvisst áfram. Eiga margir þar hlut að og þó mest þeir, sem hafa lagt vinnu og fjárluni í félagsstarfið. Þetta má ekki gleymast. Trúa míni er sú að happasamt muni þetta reynast í framtíðinni.

II.

Líklega mun mörgum finnast Nýalssinnar vera sérvitrunga og skýjaglópar, sem engan gaum þurfi að gefa vegna fjarstæðukerðra skoðana. Sumir munu þeir vera, sem álfita að þarna sé á ferði uni trúmálahreyfing, með nokkrum frávikum frá stefnu ríkjandi trúarbragða, í líkingu við slíkar, sem komið hafa fram á ýmsum tínum. Öllum Nýalssinnum er ljóst að þetta er mikill misskilningur. Íslenzk heimsfræði byggir ekki boðun sína á blindri trú án skilnings, heldur á niðurstöðum rannsóknna á sviði sálarlífssins, svo sem drauma og miðilssambands, sem hafa svo varpað skýru ljósi yfir hin margvíslegu fyrirbrigði, er kölluð hafa verið dulræn, að ógleymdu eðli trúarbragðanna. Er þar fróðlegt dæmi til athugunar og samanburðar, trúarhugmyndir manna um framlífið annars vegar og það sem Íslenzk heimsfræði leggur til þeirra mála hins-vegar. Það liggr í augum uppi að vísindaleg þekking á því stóra máli, væri stærsti sigur mannsandans og myndi beinlínis valda aldahvörfum í sögu mannkynsins. Um þetta sjónarmið mun enginn

ágreiningur vera. Með starfsemi spíritista hefir margt furðulegt og jákvætt verið leitt í ljós, sem styður og sannar að vissu marki hina fornu trú um ódaubileikann. En áríðandi leiðsögn, sem er að fá í Íslenzkri heimsfræði, hafa þeir ekki viðurkennt ennþá, eða að því er virðist hafnað. Ef til vill má álykta að framfaraleysið í starfi þeirra, nú um sinn, stafi af þessu og einnig að nokkru viðurkenningaleysi margra vísinda og fræðimanna á því. Sannleikurinn er, að vísindalega verður framhald lífsins ekki sannað fyrr en vitað verður til fulls, hvar bústaðir framlíðinna eru og hvaða náttúrulögðumál þar ríkja.

III.

Einn versti þrándur í götu, er hindrar framfarir í þessum efnunum, er tvíhyggjan. Um allar liðnar aldur hefir í trúarefnum og heimspeki verið slegið föstu að efnið sé aðskiljanlegt frá lífsorkunni og þar sé um two heima að ræoa með sjálfstæðri tilveru. nema þá um stundarsakir hér á jörðu. Um þetta hefir mikið verið ritáð af þeim mönnum, sem við þessi málefni hafa fengist, bæði fyrr og síðar. Hafa athuganir allar frá ýmsum viðhorfum, leitt í strand, því engin rökfst og viðhlýtandi svör hafa fengist er fullnægt gætu efnishyggju og andahyggju. Er svo að sjá, sem margir fræðimenn hafi þarna gefist upp og afgreitt viðfangsefnið með hinu þekkta orði " ignorabimus ", þ.e. vér munum aldrei vita og að þekkingarleit mannsandans séu takmörk sett. - Til munu vera þeir menn, sem telja að áhugi á ýmsu sem gerist í sambandi við lífsorkuna, stafi af trúgirni og jaðri við sjúklegra ímyndun. Enn aðrir hafa ekki stærri hugmyndir um lífið en að það sé tilkomið fyrir tilviljun án tilgangs og jafnvel nokkurskonar slys á takmörkuðum svæðum geimsins. Svona langt hefir uppgjöfin farið með því að leysa ekki mest áríðandi og stærstu viðfangsefni mannlegs anda. Prátt fyrir þessar ályktanir ýmsra og aðrar skyldar ríkjandi skoðanir, leitar mannsandinn í þekkingarleit sinni enn á brattann. A öndverðri þessari öld hefur dr. Helgi Pjeturss. með rannsóknunum sínum og ritstörfum leitt rök að því að efni og orka séu óaðskiljanleg í allri tilveru og þar með brotið tvíhyggjuna á bak aftur. Með þessu verki sínu hefir hann skapað hina viðfeðmu og rökfstu Íslenzku heimspeki, sem mun verða leiðarljós vísindanna í framtíðinni. Líklega eru þessi efni, á síðustu tímum að færast í víð-sýnna horf hjá mörgum hugsandi mönnum. Síðasta bók Brynjólfs Bjarnasonar fyrrverandi ráðherra, " A mörkum mannlegrar þekkingar " fjallar um þessi efni. Er þar mikinn fróðleik að finna um eldri og yngri heimspeki. Niðurstöður höfundar í lok nefndrar bókar, eru í samræmi við þennan þátt Íslenzkrar heimsfræði, sem í þessum kafla hefir verið minnst á.

framhald.

Bjarni Bjarnason, Brekku.

Tvenns konar skilningur á eðli drauma

" Yfir höfuð að tala hugsum við nætur og daga sömu hugsanir, en á nöttunni fer hið andlega starf fram á lægra sviði, og þess vegna verður vitundin að grípa til myndleturs. En því fylgir aftur, að nota verður táknmál, sem ráða má á ýmsa vegu eftir gáfnafari og reynslu dreymandans, svo og þekkingu þeirra og lærðómi, sem fást við ráðningu draumanna."

" Í draumi eru atriðin skýrð með myndum eins og kvíkmyndum eða teiknimyndum og þar eð erfitt getur reynzt að lýsa samsettum hugsunum eingöngu með myndum, verður oft að umskrifa þær. Það leiðir aftur til þess að gera draumana stundum með afbrigðum ljósa en stundum aftur á móti fjarlægja hugann gersamlega því, sem draumurinn fjallaði um í fyrstu."

" Hugsýn sprettur upp af undirvitundinni, eins og draumar gera að nokkru leyti. -- Hugsýn er hæfileiki til að leggja saman two og two í undirvitundinni."

Þetta sem hér er tekið upp, stendur í bók, sem ég las nýlega, Svefn án lyfja eftir Erik Olaf Hansen í þýðingu Kristínar Ólafsdóttur læknis, og er þar verið að gera grein fyrir eðli og undirrott drauma. En þótt hvorki muni þarna vera um að ræða ógreindan höfund né ómerka bók, þá verður varla annað sagt en að þessi greinarngerð sé bæði óljós og ófullnægjandi. Það má að vísu kalla það eðlilegt, að mönnum kæmi það fyrst í hug, að draumar séu eingöngu komnir upp í huga eða vitund dreymandans, því að fljótt á litid virðist annað naumast geta komið til greina. Og vitanlega skal því heldur ekki neitað, að hugsanabraudur hins sofandi manns, saga hans og minningar, hafi áhrif á það, sem hann dreymir. En sé betur aðgætt, þá eru draumar sofandi manns jafnan annað og frábrugðið hugsunum hans og reynslu, og kemur nú eftirtekt á því reyndar fram í þeim orðum, að stundum verði að " umskrifa " hugsýnirnir svo að það fjarlægi " hugann gersamlega því, sem draumurinn fjallaði um í fyrstu." En hvernig ætti nú þeirri " umskrifun " að vera varið? Og það er ástæða til að spryrja ekki einungis um það. Hvernig fer undirmeðvitundin að því að búa til þessar hugsýnir eða myndletur, sem á flestan hátt virðist vera miklu erfiðari tjáningaraðferð en í orðum? Hvað sem hver segir, þá getur vakandi maður á engan hátt látið sig sjá einar saman hugrenningar sínar á sama hátt og þegar horft er á hluti eða staði, og er þá mikil ástæða til að ætla að hin sofandi vitund, hvort sem hún er kölluð undirvitund eða eitthvað annað, geti það fremur? Ef réttilega er gerð grein fyrir því, hvað það er að sofa, þá er það um fram allt hið sama og að gleyma sér. Hugsun syfjaðs manns verður sljó, og þegar honum fer að

renna í brjóst, er hún orðin óvirk að mestu og því í ólíflegasta lagi til þess að geta af einum saman eigin rammleik búið það til, sem þá kemur til sögunnar, draumana. Og þegar svo þess er gætt að auki, hve draumsýnirnar eru löngum frábrugðnar því, sem dreymandinn ætlaði þær vera eða þyddi þær fyrir, þá verða þessi ólífkindi enn meiri. Horft út frá því, hvernig draumar manna raunverulega eru, verður langeðlilegast að ætla, að hugsýnirnar, þ.e. draummyndirnar, séu undirrót eða efni draumanna, en ekki hugur eða hugsanir sjálfs dreymandans.

En hvernig verða þá draumsýnir manna til, ef þær eru ekki með einhverjum hætti skapaðar af honum sjálfum?

Í umgetinni bók *Svefn án lyfja*, er sagt frá því að ýmsir frægir menn, sem tilgreindir eru þar, hafi stundum í svefni öðlast vitneskju eða skilning varðandi sumt það, sem þeim hafði ekki tekizt að afla sér í vöku, og er þar að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að undirvitund þeirra hafi þá komið til hjálpar.

Skýringin var sú, að þegar vökuvitund þeirra var orðin þreytt á viðfangsefnum þeim, sem hver þeirra hafði verið að glíma við, hafi hin önnur vitund þeirra, undir- eða svefnvitundin, tekið við og leyst þrautirnar. En jafnvel þótt slíkt gæti staðizt að sofandi maður gæti leyst reikningsþraut, sem hann í vöku var orðinn ófær til að leysa af þreytu, þá kemur slíkt ekki til greina, er um það er að ræða, sem skynjun manns nær á engan hátt til. Það er eins og allir ættu að geta séð, með öllu óskynsamlegt að tala um undirvitund varðandi það, sem einstaklingnum var með öllu ómögulegt að afla sér vitneskju um sjálfur. Þar getur ekki annað komið til greina en að þiggja af einhverjum öðrum. Og hvort verður það þá ekki eina leiðin til að skilja draumskynjanirnar? - Það hefði í rauninni aldrei átt að þykja fráleitara en ýmislegt annað, sem menn hafa hugsað sér í þessu sambandi, að heili manns geti verið sendistöð eða þá móttökutæki, en þegar það má heita fullkomlega sannað, að hugsanaflutningur eigi sér stað, þá ætti slíkt að fara að geta blasað hér við sem hin eðilegasta skýring. Og þegar svo þess er gætt, sem þegar var vikið að, ósamkvæmni draummyndanna og þess, sem sofandinn þyðir þær fyrir, þá verður sú skýring enn sjálfsagðari. Það kemur ekkert eins vel heim við sjálfa draumana og einmitt það, að þeir séu fyrst og fremst til orðnir fyrir samskynjanir manna á milli, og verður þá nú að vísu að hafa í huga fleiri staði en þessa jörð, sem við byggjum.

Það fer nú bráðum að verða hálf öld liðin síðan út fór að koma bók sem gefið var heitið Nýall, og var höfundur hennar dr. Helgi Pjeturss. Þótti víst mörgum sú bók vera nýstárleg, og hrifust víst ýmsir af þeim kennungum, sem hún flutti. Sá skilningur, að líf jarðarinnar sé einungis þáttur í óþróttlegu alheimslífi, var svo

stórkostlegur, og í svo beinu framhaldi af því sem bezt hafði verið hugsað í heimsfræði og öðru, að margir gáfaðir menn hlutu að hrifast af. En þratt fyrir þá hrifni, sem einkum mun hafa átt sér stað meðal ungra og óforpokaðra manna, þá hefur þessari kenningu enn ekki orðið sigurs auðið. Enn grúfir að mestu yfir þessi þoka dulrænu eða undirvitundartrúar. En hvort er nú samt ekki verið að nálgast hínar nýölsku niðurstöður, stjörnu - líffræðina? Þó að sumir kunni að vilja kalla það hjáróma athæfi að hafa orð á þessum kenningum, þá er nú miklu meira en var fyrir svo sem 20 árum talað um íbúa annarra hnatta og sambönd við þá. Og þótt enn hafi fræðimönnum hér ekki auðnatz að setja þetta tal í samband við það, sem að hinu leytinu hefir færst fram varðandi athuganir á draumum og viðurkenning hugsanaflutnings, þá gæti svo farið fyrr en varir að nauðsynleg tengsl fari að verða þar á milli. Það sem verða þarf og verða á er, að heimsfræði, líffræði og sálarfræði verði í fullkomnum tengslum hver við aðra, því að þá mundi geta farið að birta til hér á jörðu. Það sem verða á er að menn viti það og læri að færa sér þá vitneskju í nyt, að "það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lífið á öðrum hnöttum". En til þess að það geti orðið, verða' menn að hætta að trúa á undirvitund og annað slíkt, en láta sér skiljast þess í stað, að endurnærинг slík sem svefninn veitir, getur ekki orðið án þess að eitthvað sér þar, sem endurnærir, rétt eins og það, að skynjan eigi sér ekki stað, án þess að eitthvað hafi verið skynjað. Að menn búi sér til skynjanir af engu og þiggi vitneskjur án þess að um vitneskjugjafa hafi verið að ræða. Það ættu allir að geta séð, að er ekki annað en rökreysa.

Alþýðublaðið 28. des. 1966

Porsteinn Jónsson
á Úlfsstöðum

FÉLAGATAL NÝALSSINNA.

Fyrst eru taldir þeir sem greitt hafa gjöld sín fram yfir 1960, enda flestir þeirra skuldlausir fyrir síðastliðið ár.

Ásgeir Hólm, Klapparstíg 40, Reykjavík.

Ásgeir Sigurjónsson, Dalvík, Eyjafirði.

Ásgrímur Jósepsson, Bjarkargötu 8, Reykjavík.

Áslaug Steinsdóttir, Úlfsstöðum, Borgarfirði.

Ásmundur Guðbjörnsson, Bólstaðarhlíð 27, Reykjavík.

Ásta Einarsdóttir, Vestmannabraut 51, Vestmannaeyjum.

Asdís Þorsteinsdóttir, Skálpastöðum, Borgarfirði.

Baldur Kristjánsson, Ytri Tjörnum, Eyjafirði.
Benedikt Björnsson, Þingholtsstræti 15, Reykjavík,
Bergsteinn Jónsson, Háaleitisbraut 20, Reykjavík.
Bjarni Bjarnason, Brekkubæ, Hornafirði.
Björn Árnason, Laugalæk 42, Reykjavík.

Eggert Loftsson, Laugarnesvegi 106, Reykjavík.
Einar Guðmundsson Kvígindisfirði, Múlasveit, austur-Barðarstr.
Elí Jóhannesson, Bjarnhólastíg 9, Kópavogi.
Elsa G. Vilmundardóttir, Safamýri 40, Reykjavík.
Eyjólfur Kristjánsson, Brúarósi, Kópavogi.
Eyþór Gunnarsson, Stórholti 41, Reykjavík.

Flosi Björnsson, Kvískerjum, Öræfum.
Friðþjófur Þorsteinsson, Fossvogsbletti 42, Reykjavík.
Frímann Frímannsson, Hávallagötu 15, Reykjavík.

Guðlaugur Ketilsson, Skipholti 18, Reykjavík.
Guðmann Ólafsson, Skálabrekku, Þingvallasveit
Guðmundur Jóh. Guðmundsson, Urðarstíg 7a, Reykjavík.
Guðmundur Jónsson, Kópsvatni, Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
Guðmundur Kristinsson, Sólheimum 27, Reykjavík.
Guðmundur Kristinsson, Bankavegir 4, Selfossi.
Guðmundur Sveinsson, Bifröst, Borgarfirði.
Guðmundur Þorsteinsson, Klafastöðum, Borgarfirði.
Guðni Daníelsson, Háveg 9 a, Kópavogi
Guðrún Olga Ágústsdóttir, Laugavegi 34 a, Reykjavík.
Guðrún Emilsdóttir, Brúarósi, Kópavogi.
Guðrún Guðjónsdóttir, Njálsgötu 71, Reykjavík.
Guðrún Elsa Þorsteinsdóttir, Úlfsstöðum, Borgarfirði.

Hafsteinn Kristinsson, Bankavegi 4, Selfossi.
Hálfdán Eiríksson, Vesturgötu 54 a, Reykjavík.
Halldór Halldórsson, Drápuhlíð 12, Reykjavík.
Haraldur Jónsson, Laugavegi 155, Reykjavík.
Haukur Sigríggsson, Selvogsgötu 21, Hafnarfirði.
Helga Bærings, Bergstaðarstræti 25 b, Reykjavík.
Helgi Jónsson, Sogavegi 112, Reykjavík.
Hreinn Steingrímsson, Ljósvallagötu 8, Reykjavík.
Hulda Valdimarsdóttir, Viðimel 23, Reykjavík.
Haukur Jónsson, Hafnarstræti 19, Reykjavík.

Ingileif Ólafsdóttir, Snorrabraut 38, Reykjavík.
Ingvar Agnarsson, Hábraut 4, Kópavogi.

Jósep Halldórsson, Álfhólsvegi 56, Kópavogi.
Jón Gunnar Árnason,
Kjartan Jóhannsson, Bólstaðarhlíð 36, Reykjavík.
Kjartan Kjartansson, Fellsmúla 10, Reykjavík.
Krístín Guðmundsdóttir, Garðastræti 4, Reykjavík.
Kristín Ólafsdóttir, Bergstaðastræti 9, Reykjavík.
Kristín Sigurðardóttir, Austurbrún 2, Reykjavík.
Kristinn Guðmundsson, Sólheimum 27, Reykjavík.
Kristleifur Þorsteinsson, Húsafelli, Borgarfirði.
Kistrún Guðjónsdóttir, Mykjunesi, Holtum, Rang.
Kistrún Jónsdóttir, Grettisgötu 55 C, Reykjavík.
Kristján Baldursson, Öldugötu 57 4.h, Reykjavík.

Lúðvík Ásgrimsson, Úthlíð 10, Reykjavík.
Lúther St. Kristjánsson, Holtagerði 57, Kópavogi.

Magnús Sigurðsson, Grafarbakka, Hrunamannahreppi, Árn.
Magnús Þorsteinsson, Vatnsnesi, Grímsnesi, Árn.
Málfríður Einarssdóttir, Rauðalæk 14, Reykjavík.
Margrét Björnsdóttir, Grettisgötu 45,A, Reykjavík.
Margrét Jóhannesdóttir, Meðalholsti 14, Reykjavík.

Ólafur Jóhannesson, Grundarstíg 2, Reykjavík.
Ólafur Halldórsson, Háabarði 10, Hafnarfirði.

Páll H. Árnason, Þórlaugargerði, Vestmannaeyjum.
Páll Björnsson, Fagurhólmseyri, Öræfum.
Páll Sigbjörnsson, Hvassafelli, Egilsstöðum.

Ragnheiður Sigjónsdóttir, Brekkubæ, Hornafirði.
Ragnar V. Sturluson, Snorrabraut 42, Reykjavík.

Samúel D. Jónsson, Fossvogsbletti 13, Reykjavík.
Sigfús Kristinsson, Bankavegi 4, Selfossi.
Sigjón Bjarnason, Brekkubæ, Hornafirði.
Sigurður Guðmundsson, Meistaravöllum 5, Reykjavík.
Sigurður B. Jónsson, Grundargerði 31, Reykjavík.
Sigurður F. Ólafsson, Skafahlíð 5, Reykjavík.
Stefán Guðmundsson, Hólum, Dýrafirði.
Stefán Halldórsson, Hlöðum, Hörgárdal.
Stefán Thorarensen, Skólavörðustíg 21, Reykjavík.
Steinar Pálsson, Hlíð, Gnúpverjahreppi, Árn.
Steindór Jónsson.
Steingerður Þorsteinsdóttir, Sólheimum 23, Reykjavík.
Sveinbjörn Benteinsson, Draghálsi, Borgarfirði.
Sveinbjörn Þorsteinsson, Skálholtsstíg 2, Reykjavík.
Sveinn Haraldsson, Þingholtsstræti 22 A, Reykjavík.

Sveinn Vík. Þórarinsson, Úlfsstöðum, Borgarfirði.
Sturlaugur Jónsson, Bergstaðastræti 14, Reykjavík.

Trausti Laufdal Jónsson, Hólmgarði 20, Reykjavík.
Tryggvi Guðbjörnsson, Flókagötu 65, Reykjavík.

Valdimar Guðlaugsson, Safamýri 33, Reykjavík.
Þorbergur Jónsson, Prestsbakka, Síðu.
Þorsteinn Guðjónsson, Sólheimum 23, Reykjavík.
Þorsteinn Jónsson, Úlfsstöðum, Borgarfirði.

Pessir hafa ekki greitt eftir 1960, en hafa þó ekki tilkynnt úrsögn sína.

Aðalsteinn Jónsson, Aðalstræti 9, Ísafirði.
Ágúst Guðmundsson, Stóra Hofi, Rangárvallasýslu.
Björgvin Júlíusson, Hólsgerði, Saurbærjarhreppi, Eyjafirði.
Guðmundur Egilsson, Hofteig 16, Reykjavík.
Guðmundur Þorláksson, Seljabrekku, Mosfellssveit.
Helgi Hallgrímsson, Droplaugarstöðum, Fljótsdal, N. Múl.
Hilmar Skagfield, Boulevard, Tallajassee, Bandaríkjunum
Ingi K. Jóhannsson, Skipasundi 11, Reykjavík.
Jóna S. Ásbjörnsdóttir, Rauðalæk 69, Reykjavík.
Kristján Sigurðsson, Rauðalæk 9, Reykjavík.
Magnús Kristjánsson, Útey, Laugardal, Árnессýslu,
Matthías Magnússon, Selfossi.
Nicolai Bjarnason, við Kaupfélagið Pór, Hellu, Rang.
Ólafur Guðmundsson, Ásgarði, Ísafirði.
Ólafur Ólafsson, Hallsteinsnesi, Austur Barðastrandasýslu
Ólafur Sigurjónsson, Tjarnargötu 6, Keflavík.
Óskar Pétursson, Skammbeinsstöðum, Rang,
Ragnar Hansson, Vík í Mýrdal.
Sigríður Kristófersdóttir, Laugateigi 56, Reykjavík.
Sigurður P. Þorláksson, Raufarhöfn.
Sigurjón Sigurðsson, Þaravöllum, Borgarfirði.
Stefán Guðmundsson frá Þvottá.
Svana Þorsteinsdóttir
Þorsteinn Kristinsson, Sogavegi 182, Reykjavík.
Þorsteinn J. Þorsteinsson,

Nokkrir hafa sagt sig úr og nefnum við þá ekki.

Látnir félagsmenn.

Björn Þorsteinsson, Granaskjóli 4, Reykjavík. - 1958.
Elín Hjartardóttir, Austurvegi 59, Selfossi. - 1955.

Fríða Hallgrímsdóttir, Hverfisgötu 43, Reykjavík. - 1959.
 Gundela Deutseklander, Baldursgötu 18, Reykjavík. - 1956.
 Guðrún Jensdóttir, Faxaskjóli 16, Reykjavík. - 1965.
 Hallbjörn Halldórsson, Hverfisgötu 21, Reykjavík. - 1958.
 Hannes Guðlaugsson, Urðarstíg 8 A, Reykjavík. - 1953.
 Hermann Wendel, Gunnarssundi 6, Hafnarfirði - 1965.
 Ingimar Vilhjálmsson, Hamraendum, Borgarfirði. - 1959
 Jón Sigurðsson, Hverfisgötu 108, Reykjavík. - 1966.
 Kristín Brandsdóttir, Skothúsavegi, 15, Reykjavík. - 1959.
 Loftur R. Gunnarsson, Bergþórugötu 55, Reykjavík. - 1953.
 Magnús P. Öfjörð, Gaulverjabæ, Árnессýslu. - 1958.
 Ragnar Eyjólfsson, Hlíð, Djúpavogi, - 1965.
 Sigríður Björnsdóttir, Selfossvegi 5, Selfossi. - 1964.
 Sofía Stefánsdóttir, Raufarhöfn. - 1953.
 Stefán Nikulásson, Gunnarssundi 6, Hafnarfirði. - 1957.
 Sveingerður Sveinsdóttir, Klapparstíg 35, Reykjavík. - 1955.
 Valdimar Lang, Brekkugötu 11, Hafnarfirði. - 1964.
 Þorsteinn Jósepsson, Bollagötu 9, Reykjavík. - 1967.
 Þorsteinn Þorsteinsson, Húsafelli, Borgarfirði - 1962.
 Þórarinn Þorleifsson, Skúfi, A-Hún.

Rekstrarreikningur Pr. 31/12 1966.

| | Inn. | Út. |
|-----------------------------|---------------------|---------------------|
| Sjóðreikningur | 620.246.74 | 620.246.74 |
| Bankareikningur | 95.320.77 | 88.190.79 |
| Félagsgj. reikningur | | 42.600.- |
| Gjafa og áheita reikningur | | 15.000.- |
| Nýalsreikningur | 442.411.84 | 105.358.65 |
| Ahaldareikningur | 8.000.- | |
| Inneign félagsmanna | 186.500.- | 366.500.- |
| Íslenzk stefna | 2.340.- | 1.065.- |
| Félagsblaðið | 17.176.- | 585.- |
| Vaxtareikningur | | 1.387.69 |
| Kostnaðarreikningur | 17.326.24 | 355.- |
| " húsaleiga | 23.040.- | |
| <u>Höfuðstólsreikningur</u> | | <u>171.072.72</u> |
| | 1.412.361.59 | 1.412.361.59 |
| Sjóðreikningur | 115.825.17 | 115.825.17 |
| Bankareikningur | 118.698.84 | 42.500.- |
| Víxileignareikningur | 57.500.- | 57.500.- |
| Félag Nýalssinna | 130.000.- | |
| Vaxtareikningur | | 9.825.17 |
| Gjafa og áheitareikningur | | 106.000.- |
| Byggingarsj. Stjörnus. st. | | 90.373.67 |
| | <u>1.834.385.60</u> | <u>1.834.385.60</u> |
| <u>Agóði félagssj.</u> | | <u>785.45</u> |
| <u>Agóði Byggingarsj.</u> | | <u>115.825.17</u> |

Efnahagsreikningur 1966.

| | Eignir | Skuldir |
|-----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Sjóðreikningur | 0.00 | |
| Bankareikningur | 7.129.98 | |
| Tímaritsr. Isl. stefna | 1.275.- | |
| Nýalsreikningur | 337.053.19 | |
| Húsgagnareikningur | 6.400.- | |
| Inneign félagsmanna | | 180.000.- |
| <u>Höfuðstólsreikningur</u> | | <u>171.858.17</u> |
| | <u>351.858.17</u> | <u>351.858.17</u> |
| Sjóðsreikningur | 0.00 | |
| Bankareikningur | 76.198.84 | |
| Félag Nýalssinna | 130.000.- | |
| <u>Byggingarsj. Stjörnus. st.</u> | | <u>206.198.84</u> |
| | <u>558.057.01</u> | <u>558.057.01</u> |

Endurskoðendur:
Halldór Halldórsson
Elsa G. Vilmundardóttir

Sigurður F. Ólafsson
gjaldkeri.

KRAFTUR FRÁ STJÖRNUNUM.
(Erindi).

Vér þurfum að átta oss betur á því, að undirstöðulögumál heimssmíðarinnar eru flutningur á orku, og að lífið sjálf er þar engin undantekning.

Helgi Pjeturss.

I.

Það var tilkynnt, að hér skyldi rætt um kraft frá stjörnunum, og kynni einhverjum að detta í hug að þar hljóti að vera um eithvert fágæti að ræða. Væri talað um að sýna ætti jurtir eða annað slíkt frá öðrum hnöttum, þá mætti það kallast fágæti. En þegar um er að ræða kraft frá öðrum hnöttum, þágegnir öðru máli. Í rauninni er ekki hægt að ræða um neinn kraft án þess að rætt sé um kraft frá stjörnum eða stjörnu. A stjörnunum og í sambandi við stjörnurnar er allt, sem tilveran hefir að geyma. Stjörnurnar og sambandið á milli stjarnanna er allt það, sem til er, og ber þá auðvitað að muna eftir því, að jörðin okkar er ein meðal stjarnanna. "Ó, himinstjarna sem vér troðum fótum," segir Einar Benediktsson í kvæði einu. Allt, sem maður skynjar eða verður var við tilheyrir því stjörnu og er tilorðið fyrir sambönd milli stjarna. Þannig eiga nálega allar hreyfingar á yfirborði jarðarinnar, stormar, straumar og annað slíkt. Rót sína að rekja til sólarinnar, sem einnig er stjarna meðal ótalmargra annara stjarna. Allt er þetta því tilorðið fyrir sambandskraft eða kraftflutninga frá einni stjörnu til annarar, og ber þó reyndar að muna, að sjálf jörðin á þar sinn þátt í að móta fyrirbærin. Og það er ekki einungis, að allt sem gerist á yfirborði jarðar, sé sambandsfyrirbæri, heldur er svo einnig um sjálfa jörðina og þá auðvitað hverja aðra stjörnu. Án þess alsambands, sem aðráttarkrafturinn er, og

hreyfing stjarnanna á brautum sínum er bundin við, hefðu sjálfar stjörnurnar ekki getað orðið til né þá heldur nokkur annar hlutur, og er gott að hafa þetta í huga, þegar rætt er um lífið og eðli þess. Eða er sennilegt, að það eitt geti verið undanskilið þessu allsherjarlögmáli kraftflutninganna á milli stjarnanna, sem auk þess að valda atburðum á yfirborði stjarna eru einnig stjarnskapandi?

Það mun nú að vísu vera játað að án kraftflutninga frá sól hefði hér aldrei komið fram líf. En þar sem sá kraftur er auðsjáanlega ekki fullnægjandi til þess að skapa líf, þá verður óhjákvæmilegt að leita enn annara sambanda. Eða getur nokkur sýnt fram á, að steinarnir eða þetta, sem jörðin var í árdaga, hafi getað af einum saman eigin rammleik hafist til þess, sem maðurinn nú er og aðrar myndir lífsins?

II.

Ef borið er saman við það, sem vitað var fyrir svo sem hálfu árþúsundi, þá verður ekki annað sagt en að mikið hafi áunnist í þekkingarátt. Þannig vita menn nú það, sem þegar var að vikið en menn vissu ekki þá, að jörðin, sem þeir byggja, er ein meðal stjarnanna og að stjörnurnar hinsvegar eru sólir og jarðir svo margar, að engri tölu verður á komið. Um líffið á jörðinni vita menn nú einnig mjög mikið fram yfir það, sem vitað var áður. Þannig vita menn nú, að það hefir þróast fram frá lítilli byrjun, og um starf semi þess íhverjumeinum vita þeir einnig mjög mikið. Menn vita nú það, sem þeir ekki vissu fyrir hálfu árþúsundi, að hver maður, er samsettur af mörgum lifandi einstaklingum, og um byggingu þessara smáu einstaklinga, frumanna, vita þeir einnig margt. En þó að menn viti þetta og ótal margt fleira, þá má nefna eitt, sem þeir ekki vita, og má það þó furðulegt heita. Menn vita það ekki enn, hversvegan þeir burfa að sofa, og þó vita þeir að sú þörf er jafnvel ennþá brýnni en það að nærast. Menn vita það með öðrum orðum, að sé einhverjum algjörlega varnað svefn, þá dregur það hann fyrr til dauða en vontun matar og drykkjar. En hversvegna það er, vita þeir ekki, eins og ég sagði, og er ég þá kominn að því, sem við Nýalsinnar teljum okkur vita fram yfir aðra. Við segjum, að svefninn sé nauðsynlegur af því að þá veitist lifendum kraftur, sem hvorki stafi frá jörð né sól, heldur öðrum og miklu fjarlægari stjörnum. Kenning Nýals er sú, að það sem veitist með svefninum og ekki verður lifað án, sé kraftur, sem stafi æ frá lífheimum annara stjarna og segja megi því, að sé lífið sjálft. --- Menn vita það nú þegar, að með mat og drykk veitist þeim það, sem fer til að byggja lfskama þeirra, og að kraftur þeirra efna losnar úr læðingi eða brennur við súrefnistöku öndunarinnar. Menn vita það nú þegar, að það er kraftur frá sól, sem brennur í öllu lífsstarfi þeirra. En hér er það fyrst vitað, að með svefninum veitist aftur á móti þetta, sem stillir þann bruna í það ákveðna form, sem lífsstreymi hvers einstaklings er. Og hér er það nú, að sjá má fram á það, hvernig hið líflausa efni jarðarinnar gat hafist þannig, að vatn, loft og grjót varð að mönnum. Einnig þar var hann að verki sá kraftur, sem endurnærir sofandann. Og hvað skyldi svo endurgjaldið vera, sem jörðin greiðir þangað, sem lífið kom henni og er alltaf að koma? Endurgjald jarðarinnar til hinna öflugri lífstöðva stjarnanna eru einstaklingar þeir, sem á jörðinni hafa lifað, og er sjálfum einstaklingunum það fyrir beztu, að sú endurgreiðsla verði með sem mestum vöxtum. Leið einstaklingsins héðan liggur til annara stjarna, og ætti það að liggja ljóst fyrir, þegar heimssamband lífsins hefir verið fundið.

III.

"Tvískipt er líf vort, svefn á sína heima
verulegs geigvæns veldi geisimikið.
Lífsandi bærist léttum svefnar í draumum. ----
Þeir skilja vora veru í tvennt, þeir verða
vor önnur helft og ævistunda vorra."

Pannig segir í upphafi kvæðis eftir Byron, sem Steingrímur Thorsteinson hefir þýtt á Íslenzku, og er þar vikið að því, að draumar séu veruleiki. A tilsvarandi hátt við það, sem verður við umskipti dags og nætur, eru umskiptin frá svefni til vöku og frá vöku til svefnar. A tilsvarandi hátt við það, að nöttin opnar manni sýn til fjarlægra stjarna um leið og hún byrgir að mestu hið nálæga umhvefi hans, opnar svefninn sýn til annarlegra veralda, sem koma fyrir sjónir á sama hátt og raunveruleiki vökkunnar. Og hvort skyldi nú ekki Vera þar svo sem virðist? Skyldi hún ekki vera veruleiki líkt og stjörnurnar eru veruleiki engu síður en jörðin þessi veröld, sem svefninn leiðir í ljós, svefninn, sem kalla mætti vitundarrökkr einstaklingsins? Það væri að minnsta kosti í hinu ágætasta samræmi við sjálfa draumana eða það, hvernig þeir eru í raun.

Eins og kunnugt er, þá hafa að víst komið fram margskonar kenningar um eðli drauma, og munu þær flestar eða allar hafa verið tilraunir til að sanna hið gagnstæða þessu. Hinn ríkjandi skilningur varðaði eðli drauma hefir lengi verið á þann veg, að þeir séu eingöngu vitundarfóurstur hins sofandi manns, og er ekki úr vegi að minna á, að skilningur manna á stjörnunum var lengi vel nokkuð hliðstæður því. Eins og ég hefi þegar vikið að, þá vissu menn það ekki mestan hluta af ævi mammkynsins, að stjörnurnar eru samskonar veruleiki og jörðin, en settu hinsvegar í samband við þær sumt það, sem þeir einnig settu í samband við draumana. Stjörnuspádóma og draumaspádóma hafa menn lengi stundað, og ætti nú öllum að geta verið ljóst, að þar er ekki um að ræða þekkingu á því eða skilning, hvað stjörnurnar raunverulega eru né heldur draumar-nir. En þó að naumast verði sagt, að menn séu nú loks farnir að nálgast þann skilning á draumum sínum, sem sambærilegur væri við þann skilning, sem þeir þegar hafa öðlast á raunveruleik stjarnanna, þá hvað þar nú hinn frægasti og um leið fráleitasti heilaspuni vera farinn að víkja. Menn eru nú jafnvel farnir að nálgast þann skilning, að hugsanaflutningur eða fjarhrif kunni stundum að eiga nökkurn þátt í draumum sínum. En það sem hinn nýalski skilningur byggist á, er að sjá fram á þetta miklu gjör. Að gera sér ljóst, að draumsýnir eru jafnan ókunnugar manni úr vöku, af að gera sér ljóst, að sjálfur er líka hinn sofandi maður með öllu ófær til bess að búa sér til skynjanir; og af að gera sér það ljóst, að sumt það, sem ber fyrir í draumi, getur ekki átt sér stað á þessari jörð, hlaut það að verða megin-skilningur á eðli drauma, að þeir séu jafnan að einhveju leýti sýn til fjarlægra stjarna. Var þetta upphaf að því að uppgötvu hinn lifandi kraft, sem stafar æ hingað frá öðrum stjörnum og endurnærir sofendurna til lífs. Og það sem hér er um að ræða, er að fullkomna skilninginn á þessu efni í lískingu við það, sem sjón manna til sólstjarnanna hefir verið fullkomnuð, því að með aukning þess skilnings mundi hér einnig verða aukning þess magns, sem að lífinu stendur og öll heill er svo mjög komin undir. Og skilyrði þeirrar skilningsaukningar er nú einmitt að munu þetta, sem talað var um hér í upphafi. Það sem muna ber svo að dæmið verði rétt sett upp þegar í byrjun, er að stjörnurnar og sambandið á milli stjarnanna er allt það, sem til er. Það getur aldrei verið um kraft að ræða, nema kraftinn frá stjörnunum.

Þorsteinn Jónsson.